# Bréfabók borgarstjóra. 3. sept. - 15. júní. 1909-1910

Aðfnr. 230, 3. hluti

Bréf 5. nóv. 1909 – 20. des. 1909

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

173

Upphæðir þær, er Reykjavíkurbær biður Íslandsbanka að greiða í Kaupmannahöfn hvern 11. júní og 11. desbr., eru þessar:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Til „Bikuben" | kr. | 2706.38 + 2706.38 = | kr. | 5412.76 |
| —„— „Hafnia" | „ | 2707.00 + 1354.00 = | „ | 4061.00 |
| —„— „Danmark" | | 2706.38 + 1353.19 = | „ | 4059.57 |
| | | | kr. | 13533.33 |

verður þannig upphæðin alls á ári hverju kr. 27066.66.–

Virðingarfyllst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. nóvbr. 9 149

Bjarni Bjarnason, Grjótagötu 14, hefur orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 20 krónur, en samkvæmt meðfylgjandi æfiferilsskýrslu mun hann eiga sveit í Helgafellssveit í sýslu yðar, og eru það því tilmæli mín að yður, herra sýslumaður, vildi þóknast að útvega mjer viðurkenningu fyrir sveitfestinni og innheimtu á 2/3 af hinum veitta styrk.–

Skýrsla um aðsjón þá er gjörð var á heimili Bjarna, áður en styrkurinn var veittur, fylgir hjer með.

Til
sýslumannsins í Snæfellsnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. nóvbr. 9 180

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með skýrslu um æfiferil Bjarna nokkurs Hannessonar, Njálsg. 25 hjer í bænum er samkv. meðfylgjandi að sjómanngjörð hefur orðið að þiggja styrk af fátækrasjóði, en samkv. æfiferils skýrslunni er nefndur Bjarni sveitlægur í Ölveshreppi. Er það því tilmæli mín að þjer, herra sýslumaður, vilduð útvega mjer viðurkenningu Ölveshrepps fyrir sveitfesti hans og einnig að innheimta 2/3 hluta af þeim 20 kr. er honum voru veittar 2. þ. m. –

Til
sýslumannsins í Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. nóvbr. 9 181

Jón Erlendsson, Mel hjer í bænum hefur þ. 26. f.m. orðið að þiggja fátækra styrk að upphæð 20 krónur, en samkv. meðfylgjandi skýrslu um æfiferil hans er hann sveitlægur í Sandvíkurhreppi. Bið jeg yður því, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu Sandvíkurhrepps fyrir sveitfesti hans og innheimta 2/3 hluta af nefndum styrk hjá framfærsluhreppinum.–

Aðsjónargjörð er fram fór á heimili Jóns áður en styrkurinn var veittur, fylgir hjer með.

Til
sýslumannsins í Árnessýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
5. nóv. 09

Í brjefi dags. 4. þ.m. hafið þjer, herra bæjarverkfræðingur, skýrt mjer frá því, að mörkum þeim, er þjer höfðuð sett með hælum kringum byggingarlóð konsúls J. Brillouin hafi verið breytt, og sjeu þau því nú önnur, en byggingarnefnd hafði ákveðið og sýnd voru á korti því yfir lóðina, sem þjer senduð byggingarnefndinni. –

Í tilefni af þessu er hjer með lagt fyrir yður að mæla upp á ný og afmarka byggingarlóðina, eins og byggingarnefndin hefur samþykkt hana. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavík
d. 7. Nov. 1909

Hr. ingeniör H. A. Hansen!

Da jeg endnu ikke har modtaget fra dem det lovede tilsvar på stadsingeniörens indberetning af 30. f. m. angående vandledningen fra Gvendarbrunnar til Rauðarárholt, opfordres de herved til, under henvisning til mit brev af 2. d. m., ufortövet at indsende denne. –

Jeg bemærker, at denne udsættelse fra deres side vil antagelig bevirke, at de ikke kan rejse herfra med "Vesta" og isåfald bærer de selv skylden derfor, idet deres bortrejse herfra ikke kan finde sted för end vandværket er behörig afleveret og modtaget af vandværksudvalget. –

Med højagtelse

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 8 nóvbr. '09

M. Bartolomeus Esq
Grassington
Hayne Road
Beckenham, Kent

Dear Sir
I beg to acknowledge receipt of your letter of the 30th September addressed to the former Sheriff of this town Mr. Halldór Daníelsson who has lately been appointed judge at the Superior Court of this town and who consequently does not represent the town corporation any more in this matter.
The letting of the river in question is worked through me who am the Mayor of this town and representing the town Council in this case.—
I further beg leave to point out to you that there was no mistake on my part as to the price mentioned in my last letter to you. The town corporation has had your letter under consideration and is not prepared to let the river for less than £400 a year. If your friend has been under the impression that the town corporation would be prepared to take less than £400 for the river in future, I am inclined to believe that your

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

friend has misunderstood the matter so far.
I may tell you that the corporation has lately received a letter from a gentleman in London who says that he has an applicant for this river for £400 for the next season.

But as you were the first one to enquire about this matter, the corporation will give you the preference and is willing to let the river to you for the 1910 season for the rent mentioned above as also to give you an option of continuing it on these terms for one or two years more.

In view however of the offer from the quarter hinted to above the corporation would feel very much obliged to you if you would kindly let me know either by a telegram worded "yes" or "no" or by a letter at the earliest opportunity — wether you are prepared to take the river for a rent of £400 for the next year, with an option of one or two years more.

I finally beg to inform you that, if you decide upon taking the river for a rent of £400 a year, you will, in other respects, hold it on exactly the same terms and conditions as those set forth in the proposed agreement [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I enclosed in my last letter addressed
to you on this matter. –
In the anticipation of an early reply. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. nóvbr. 9 185

Hreppsnefnd Geithellnahrepps hefur í dag greitt 2/3 hluta af sveitarstyrk veittan Ólafi Ólafssyni, Grettisgötu 17. þ. 22. desbr. f. á. og 20. jan. þ. á., með upphæð, 36 kr. 67 – þrjátíu og sex krónur sextíu og sjö aura, sem hjer með kvittast hjer með. –

Til
hreppsnefndar Geithellnahrepps.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. nóvbr. 9 186

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 36 kr. 67 – þrjátíu og sex krónur sextíu og sjö aura, sem er endurgjald frá Geithellnahreppi á 2/3 hlutum af sveitarstyrk veittan þurfamanninum Ólafi Ólafssyni þ. 22. desbr. f. á. og 20. jan. þ. á. –

Skrifstofu óskast. –

Til

Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik
d. 8. novbr. 09

187

Herr havnedirektör G. Smith
Christiania

Herr köbmand S. J. Thorsteinsson her af byen har fortalt mig, at han eventuelt vil söge koncession på at få bygge en dampskibsbro her i byen, og at han önsker at måtte konferere med dem om sagen. –

Det er en selvfölge at byrådet ikke vil lade göre eller tillade andre at udföre noget större arbejde ved havnen, förend det har modtaget deres forslag og planer, som ventes snarlig. Men hvis det måtte være dem belejligt, anmoder jeg dem om gadhedsfuldt at modtage herr. köbmand S. J. Thorsteinsson og conferere med ham om brobygningen. –

Med höjagtelse. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

188

5. nóvbr. 9

Hjer með sendi jeg yður, herra sýslumaður, skýrslu um æfiferil Óla Kristjáns Þorvarðarsonar, Skólavörðustíg 17 ásamt atsjónargjörð er gjörð hefur verið á heimili hans, en nefndur Óli Kristján Þorvarðarson hefur þ. 19. f. m. orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 20 krónur. Samkvæmt æfiferilsskýrslunni er hann sveitlægur í Mjóafjarðarhreppi í sýslu yðar, og er það því tilmæli mín að þjer útvegið mjer viðurkenningu þess hrepps fyrir sveitfestinni og innheimtið 2/3 hluta af hinum veitta styrk.

Til
sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. nóv. 9

Fátækrastjórnin hjer hefur orðið að ganga í ábyrgð fyrir legukostnaði stúlkunnar Filippíu Þorkelsdóttur, sem lögð hefur verið á sjúkrahúsið eptir skipunarlæknis. Filippía þessi er sveit-læg í Skefilsstaðahreppi í Skagafjarðarsýslu. Bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu fyrir sveitfesti nefndrar stúlku.—
Skýrsla um æfiferil Filippíu ásamt fyrverandi húsbónda hennar Matth. Þórðarsonar, skipstjóra, fylgir hjer með.—

Til
sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

221



8. nóvbr. 9

Eins og meðfylgjandi reikningur ber með sjer, hefur Árni Magnússon, Laugav. 24B, sem er sveitlægur í Miðneshreppi, orðið að þiggja fátækrastyrk hjer frá því í nóvember í fyrra og til þessa tíma, samtals 105 krónur. Með brjefi dags. 31. desbr. f. á. var hreppsnefnd Miðneshrepps aðvöruð um styrkveitinguna, og krafist endurgjalds á henni, en endurgjaldið er enn ekki komið. Jeg bið yður því, herra sýslumaður, að útvega hið fyrsta viðurkenningu hreppsnefndarinnar fyrir sveitfestinni og innheimta 2/3 hluta af hinum veitta styrk. – Áður en styrkur var síðast veittur, ljet jeg á mig gjöra aðsjónargjörð hjá Árna og sendi jeg hana hjer með sem og skýrslu um æfiferil hans. – –

Til

sýslum. í Gullbr.- og Kjósarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. nóvbr. 9

Ragnheiði Ólafsdóttur, Njálsg. 43, hefur í dag verið veittur 15 kr. styrkur úr fátækrasjóði á ný, og væntir fátækranefndin að 2/3 hlutar styrks þessa verði endurgoldnir hið fyrsta og að hreppsnefnd Grímsneshrepps ráðstafi Ragnheiði og börnum hennar, svo að hún eigi þurfi að þiggja meiri sveitarstyrk hjer í bænum.

Til
hreppsnefndar Grímsneshrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Novbr. 9

Fátækranefnd Reykjavíkur viðurkennir hjermeð, að Ólafur sá Ólafsson, er þóknanlegt brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 7. þ.m. ræðir um, sje sveitlægur í Reykjavík og munu verða endurgoldnar 2/3 hlutar af styrk þeim, sem Ólafi verður veittur á Ísafirði. –

Reikningur yfir það er honum þyggur, óskast sendur um næstu áramót og þess væntist að honum ekki verði veitt meira en nauðsynlegt er til lífsframfæris. –

Til
sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. nóvbr. 9 

Jeg hef á ný lagt fyrir fátækra-nefndina reikninga yðar, herra land-læknir, fyrir læknishjálp, er þjer árið 1907 og 1908 hafið látið í tje handa þurfalingunum Þórði Bjarnasyni, Guðmundi Þorkelssyni og Sigur-rósu Jósíasdóttur, en fátækranefnd-in neitaði að greiða reikninga þessa, sem sjer óviðkomandi. Álítur nefndin, að þjer eigið aðgang að framfærslusveitum þurfaling-anna, en framfærsluhrepparnir eru þessir:
Sigurrósu Jósíasdóttur, Dýrfalækjarhr.
Guðm. Þorkelssonar, Hraungerðishr.
Þórðar Bjarnasonar, Ytri-Akraneshr.
Reikningar yðar endursendast hjermeð.

Til

Landlæknisins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

194

8. nóvbr. 9

Fátækranefndin hefir samþykkt að greiða veðdeild Landsbankans vexti og afborgun af veðdeildarláni Sigmundar Jónssonar í Rauðarárhúsum, að upphæð 123 krónur. Upphæð þessa eruð þjer, herra gjaldkeri, beðinn um að greiða bankanum hið fyrsta svo að ekki falli á dráttarvextir.
Upphæðin sem greidd verður færist Sigmundi Jónssyni til skuldar.

Til

Bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

195

8. nóvbr. 9

Fátækranefndin hefur komið ný-
fæddu barni Sigríðar Jónsdóttur í
Ánanaustum fyrir hjá ekkjunni
Sigríði Stefánsdóttur í Ánanaustum
fyrir 10 kr. meðlagi um mánuðinn,
talið frá 10 f. m. – Er hérmeð
lagt fyrir yður, herra bæjargjald-
keri, að greiða nefndri ekkju með-
lag þetta mánaðarlega. –

Til
Bæjargjaldkerans. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en svo að nægði til framfæris heimili
hans. Getur því hann ekki lagt mikið
af mörkum til annara og verði
ekki komist hjá því að skylda hann
með úrskurði að gefa með tengda
föður sínum, þá álít jeg 20 króna
fúlgu frá hans hálfu fullháa.
Brjef sýslumannsins í Gullbringu-
og Kjósarsýslu og brjef hreppsnefnd-
ar Keflavíkurhrepps dags. 8. sept.
endursendist hjer með.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

196

8. nóvbr. 9

Með áritun dags. 23. sept. þ. á. á brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu dags. 13. s. m., farið þjer, herra bæjarfógeti, þess á leit, að fá álit bæjarstjórnar um það, hvort Sigmundur Sigmundsson, húsmaður í Bergstaðastr. 32 sje fær um að ala önn fyrir eða leggja með tengdaföður sínum, Helga Helgasyni í Keflavík, sem þar er á sveitarframfæri.

Í tilefni af þessu, er yður hjer með tjáð, að eptir þeim upplýsingum sem jeg hef fengið, þá á nefndur Sigmundur Sigmundsson dálitlar eignir, en hann er svo heilsulaus, að hann hefur orðið nú þrjú síðustu árin að stunda landvinnu og ekki borið mikið úr býtum, og því ekki haft meiri tekjur

framhald á bls. 228.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. nóvbr. 9 197

Með skírskotun til brjefs míns dags. 11. maí þ. á. viðvíkjandi endurgreiðslu á barnsfúlgu frá Magnúsi P. Jónssyni frá Nesi í Norðfirði, samkv. amtsúrskurði 13. ág. 1902, er hjer með skýrt frá því, að fátækrasjóður Reykjavíkur hefur orðið að greiða Kristínu Einarsdóttur fúlgu þá, að upphæð 40 kr., er fjell í gjalddaga 11. júní þ. á. Er þess því hjer með farið á leit að þjer, herra sýslumaður, innheimtið einnig þessa fúlgu hjá Magnúsi P. Jónssyni og sendið mjer hana við fyrsta tækifæri.

Úrskurðurinn er fylgdi með brjefi mínu 11. maí, óskast endursendur með fúlgunum.

Til
sýslumannsins í Suður-Múlasýslu

framhald á v. vi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. nóv. '09

198

Hjer með tilkynnist yður, að jeg hef skipað Pál Ólafsson múrara, Bergstaðastr. 26b til þess fyrst um sinn að gegna sótarastörfum yðar í veikindum yðar og vænti jeg að þjer ljáið honum til bráðabirgða hreinsunarverkfæri yðar.

Herra
sótari Jón Sveinsson, Garðastræti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. nóv. '09

199

Eins og jeg gat um í brjefi dags. 26. maí þ. á. sbr. brjef mitt 10. s. m. hafði jeg ekki þá fengið reikning frá hjúkrunarfjelagi Reykjavíkur fyrir hjúkrun þá, er fjelagið ljet í tje ekkju Ásbjarnar Sigurðssonar, Sigríði Helgadóttur, Laugaveg 35. Nú hef jeg í dag orðið að greiða hjúkrunarkostnað þennan, 87 krónur, og er hjer með krafist endurgjalds á 2/3 hlutum hennar. –

Páll Einarsson

Til
hreppsnefndar Ytri-Akranesshrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11. nóv. 09.

200

Með brjefi dags. 30. f.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer kr. 26.67 – tuttugu og sex krónur sextíu og sjö aura – sem er endurgjald á 2/3 hlutum sveitarstyrks veittan Maríu Bergsdóttur, konu Guðm. Jóhannessonar.
Fyrir þessum kr. 26.67, kvittast hjer með.

Til
sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11. nóv. 09

201

Með brjefi dags. 30. okt. þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 45 kr. — fjörutíu og fimm krónur — til lúkningar meðlagi, er lagt var út til bráðabyrgða úr fátækrasjóði, með barni Bárðar Kristjáns Guðmundssonar og Guðfinnu Andrjesdóttur.
Fyrir greiðslu þessari kvittast hjer með.

Til
sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11. nóvbr. 09

202

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 26 kr. 67 – tuttugu og sex krónur sextíu og sjö aura til lúkningar 2/3 hlutum sveitarstyrks Guðm. Jóhannessonar, sem sveitlægur er í Dýrafjarðarhreppi.
Kvittun óskast. –

Til
Bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
11. nóv. '09

203

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 45 - fjörutíu og fimm krónur -, sem er endurgjald frá Sljettuhreppi á barnsmeðlagi er orðið hefur að leggja út til bráðabyrgða með barni Bárðar Kr. Guðmundssonar og Guðfinnu Andrjesdóttur.
Kvittun óskast. -

Til

Bæjargjaldkerans. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. '09

204

Bæjarstjórnin hefur á fundi sín-
um í gær synjað yður um undan-
þágu frá byggingarsamþykkt, að
því leyti að þjer hafið látið setja
reykháf ofan á bitalagá efsta
lopti í húsi yðar við Bjargarstíg.
Þetta tilkynnist yður hjermeð.

Herra
Jón Þorsteinsson, Bjargarstíg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. '09.

205

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður leyft að byggja skúr við hús yðar á Vesturgötu 11, að stærð 8° x 3½° samkv. uppdrætti þeim, er þjer höfðuð sent.

Þetta tilkynnist yður hjer með.

Herra
kaupmaður Lúðvík Hafliðason,
Vesturgötu 11

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. '09. –

206

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft breytingu á herbergjaskipun á landsímastöðinni, samkv. framlögðum uppdrætti og sömuleiðis leyfðan glugga á miðjum norðurgafli. –
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra símastjóri, hjer með. –

Til
herra landsímastjóra O. Forberg. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. '09

207

Bæjarstjórnin hefur leyft yður, herra skósmiður, að flytja 2 salerni til og byggja önnur tvö í viðbót, að stærð 2 hin nýju 2 x 3 álnir.–
Þetta tilkynnist yður hjer með.–

Herra
skósmiður Björn Jónsson, Hverfisg. 26

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2412

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. '09

208

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður að byggja á lóð yðar á Vesturgötu 53 íbúðarhús 11½° x 10½° samkv. uppdrætti þeim er þjer senduð byggingarnefndinni. –
Þetta tilkynnist hjer með. –

Herra
Einar Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. '09.

209

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefir á fundi sínum í gær veitt yður undanþágu frá því að gjöra eldvarnarvegg við geymsluhús á lóðarmörkum gegnt lóðinni nr. 2 við Óðinsgötu, með því skilyrði að þjer eða seinni eigendur hússins nr. 9 í Bergstaðastræti byggi eldvarnarvegginn, þegar þess verður krafist af eigendum nefndra nágrannalóða og að kvöðin verði þinglesin á húseigninni nr. 9 í Bergstaðastræti.

Herra
Magnús Steindórsson, Bergstaðastr. 9.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. 09

210

Hjer með tilkynnist yður, herra brunamálastjóri, að bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær samþykkt brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum:

| | |
|---|---|
| Ingvars Guðmundssonar, Vitastíg 11, kr. | 4965.00 |
| Jóh. Kr. Jóhannessonar, Vitastíg - Laugav. " | 11298.00 |
| sama, Klapparstíg 20 " | 27093.00 |
| Bjarna Jónssonar, Lindargötu 8 " | 5717.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. '09

211

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar á 4 húseignum, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær.-

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. 09

213

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra garðyrkjumaður, að bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær, útnefnt Gísla búfræðing Þorbjarnarson, til að mæla jarðabætur bæjarmanna fyrir jarðræktafjelag bæjarins.

Herra
garðyrkjumaður Einar Helgason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. '09.-

213

Bæjarstjórnin útnefndi ydur á fundi í gær, herra búfræðingur, til að meta jarðabætur bæjarmanna fyrir jarðræktarfjelag bæjarins.-
Þetta tilkynnist ydur hjer með.-

Herra
búfræðingur Gísli Þorbjarnarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. 09

214

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær samþykkt að veita alþýðulestrafjelagi Reykjavíkur 150 króna styrk úr bæjarsjóði þetta ár.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra bankastjóri, er þess getið, að upphæð þessi mun verða ávísuð fjelaginu hvenær sem þess verður óskað.

Herra
bankastjóri Tryggvi Gunnarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. 09

215.

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, var samþykkt að veita alþýðulestrafjelagi Reykjavíkur 150 króna styrk úr bæjarsjóði fyrir yfirstandandi ár, og er lagt fyrir yður, herra bæjargjaldkeri, að greiða nefnda upphæð, á sínum tíma samkv. ávísun minni.—

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 249
12. nov. 09

216

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær lágu fyrir beiðnir 4 eptirgreindra manna um lækkun og eptirgjöf á aukaútsvari því, er þeim hafði verið gjört að greiða hjer árið 1909:
Hannesar Sigurðssonar, Ánanaustum
Jýlíönu Þórarinsdóttur, Hlíð
Kristins Magnússonar, kaupm. og
Þorvaldar Ólafssonar, Laugaveg 74.
Bæjarstjórnin vísaði öllum þessum umsóknum til umsagnar niðurjöfnunarnefndarinnar og sendi jeg þær því hjer með og óska umsagnar nefndarinnar um þær fyrir næsta bæjarstjórnarfund.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. '09

217

Heiðrað brjef yðar, herra ráðherra, dags. 30. f. m. hef jeg lagt fyrir bygg-ingarnefndina á fundi hennar 4. þ. m. og leyfi jeg mjer að senda hjer með eptirrit af ályktun þeirri, sem nefnd-in gjörði út af því. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. 09. -

218

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, að bæjarstjórnin hafnaði forkaupsrjetti sínum að Laugalandi, er þjer ætlið að selja mjelastjóra Ólafi Jónssyni fyrir 10320 krónur. -

Herra
Jón Guðmundsson, bóndi
Laugalandi. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
12. nóv. 09 219.

Hjer með tilkynnist yður, herra járnsmiður, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær samþykkt að veita yður á erfðafestu allt að 2 hektara af landi því sunnanvert við Bræðraborgarstíg er þjer höfðuð farið fram á að fá, og eptir nánara samkomulagi og útmælingu bæjarverkfræðingsins, en ræktunartíminn verður 4 ár að meðtöldu því ári, sem ætlað er til að girða landið.—

Herra
járnsmiður Þorsteinn Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret d. 12. Nov. 1909.

Herr entrepreneur O. O. Skjegge!

Vandværksudvalget agter næste søndag at foretage et almindeligt eftersyn af Deres akkordsarbeide ved vandledningen fra Gvendarbrunnar til Raudarárholt og tilkalder De herved i henhold til §19 i Almindelige Betingelser til at overvære eftersynet. Udvalget afgår kl. 10 f. m. fra Lækjartorg direkte til kilderne, hvis vejret ikke gør en anden fremgangsmåde nødvendig, og foretager eftersynet på hjemvejen.

Med højagtelse

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret d. 12. Nov. 1909.

Hr. ingeniör H. A. Hansen!

Vandværksudvalget agter at foretage et eftersyn af O. V. Tjörgs akkordsarbeide ved vandledningen fra Gvendarbrunnar til Rauðarárholt næste söndag, hvis vejret tillader det og önsker deres nærværelse for af dem at få de fornödne forklaringer angående arbeidet. - Det er bestemt at afgå fra Lækjartorg kl. 10 f. m. og gå direkte til Elliðaár og foretage eftersynet på hjemvejen. -

Med höjagtelse

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. nóv. 9

Hjer með sendi jeg yður, herra bæj-
argjaldkeri, 138 kr. eitt hundrað
þrjátíu og átta krónur, sem endur-
gjald frá Innri-Akranesshreppi
á legukostnaði Guðrúnar Árna-
dóttur frá Klafastöðum, sem ávísað
var úr fátækrasjóði þ. 1. f. m. –
Kvittun óskast.

Til
Bæjargjaldkerans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
15. nóv. 09

222

Niðurjöfnunarnefndin hefur með brjefi dags. 12. þ. m. skrifað mjer á þessa leið.
„Niðurjöfnunarnefndin hefur á fundi 8. þ. m. tekið til athuga kærur, er henni höfðu borist út af aukaniðurjöfnuninni í septembermánuði síðastl. gert eptirfarandi úrskurði um breytingar á skránni:—
1. Felt niður útsvör:
B. Jörgensens vjelstjóra á "2/5" Marz (40 kr.)
Magnúss Stefánssonar á Litlaseli (8 kr.)
2. Lækkað útsvör:
Frú Caroline Jonassen um (10 kr.)
Jens Sigurðssonar, gasmeistara um 15 kr.
3. Synjað breytinga á útsvörum:
Aage Möllers, stórkaupmanns
Otto Radtke's, verkstjóra
E. Schoepke, verkfræðings.
þýskra starfsmanna við gasstöðvargerðina hjer í bænum (alls 12)".—
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjargjaldkeri, hjermeð.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. nóv. 09

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 525 – fimmhundruð tuttugu og fimm krónur, sem er endurgjald frá "det danske Petroleums Aktieselskab" fyrir 1050 □ álna lóð, er bærinn hefur selt nefndu fjelagi á Melunum. –

Kvittun óskast. –

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
15. nóv. 09. 224

Guðmundur Kristján Andrjesson, Njálsg. 23, hefur þ. 12. þ.m. orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 20 krónur, en samkv. meðfylgjandi æfiferils skýrslu mun hann verá sveitlægur í Dalahreppi í sýslu yðar. Er það því tilmæli mín, að yður, herra sýslumaður, mætti þóknast að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar Dalahrepps fyrir sveitfesti nefnds Guðmundar Kristjáns og um leið innheimta 2/3 hluta af hinum veitta styrk.

Ásjónargjörð er fram fór á heimili Guðmundar áður en styrkurinn var veittur ásamt skýrsla um æfiferil hans fylgir hjer með.

Til
sýslumannsins í Barðastrandars.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. nóv. 09

225

Eptir skipun læknis hefur stúlkan Valgerður Sigurlína Bjarnadóttir orðið að leggjast á spítala, en fátækranefndin hefur gengið í ábyrgð fyrir greiðslu legukostnaðarins, en samkvæmt fylgigjaldi skýrslu um æfiferil hennar, er hún sveitlæg í Kleifahreppi. Bið jeg yður því, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu fyrir sveitfesti nefndrar stúlku hjá hreppsnefnd Kleifahrepps.

Reikningur yfir legukostnaðinn mun verða sendur síðar. —

Til

sýslumannsins í Vestur-Skaptafellssýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. nóv. '09

226

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með skýrslu um afiferil þurfalingsins Magnúsar Jónssonar ásamt skýrslu um aðsjón er gjörð hefur verið á heimili Magnúsar, en hann hefur þ. 5. þ. m. orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 40 krónur. — Er það því tilmæli mín að þjer vilduð útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar Bessastaðahrepps fyrir sveitfesti hans og umleið innheimta 2/3 hluta af hinum veitta styrk.

Til
sýslumannsins í Gullbr.- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. nov. 09.

227

Með brjefi dags. 15. þ. m. hafið þjer, herra oddviti, fyrir hönd Ytri-Akraneshrepps sent mjer 58 kr. – fimmtíu og átta krónur, sem er endurgjald á 2/3 hlutum hjúkrunarkostnaðar látnum í tje Sigríði Helgadóttur, Laugaveg 35, og kvittast hjermeð fyrir nefndum 58 krónum. –

Til
oddvita Ytri-Akraneshrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. nóv. 09

228

Hjerumeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 58 - fimmtíu og átta krónur - sem er endurgjald frá Ytri-Akraneshreppi á 2/3 af sjúkrunarkostnaði látnum í tje ekkju Ásbjarnar sál. Sigurðssonar, Sigríði Helgadóttur, Laugaveg 35, að upphæð 87 krónur. -
Kvittun óskast. -

Til
Bæjargjaldkerans. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans
17. nóv. '09

229

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 53 kr. 83 a. - fimmtíu og þrjár krónur 83 a. (sem er endurgjald frá Holtshreppi á 2/3 hlutum sveitarstyrks Sigurgeirs Kristjánssonar, 20 kr. frá f. á. en 60. kr. 75 á þessu ári. –

Vænti jeg að meðtaka kvittun fyrir þessum 53 kr. 83 við fyrsta tækifæri. –

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. nóv. 09

230

Með brjefi dags. 26. f. m. hafið
þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd
Holtshrepps sent mjer kr. 53.83 –
fimmtíu og þrjár krónur áttatíu
og þrjá aura – sem eru 2/3 hlutar
af styrk veittum Sigurgeir Kristj-
ánssyni, 20 kr. síðastliðið ár, en
60 kr. 75 á þessu ári. –
Fyrir þessum kr. 53.83 kvittast
hjer með. –

Til
sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. nóv. '09

231

Sigurbjörn Sigurðsson, Laufásveg 24. hefur eptir skipun læknis verið lagður á sjúkrahúsið hjer í bænum og hefur fátækranefnd Reykjavíkur orðið að ganga í ábyrgð fyrir greiðslu legukostnaðarins, en samkv. meðfylgjandi skýrslu um æfiferil hans mun hann eiga sveit í Reyðarfjarðarhreppi. Eru það því tilmæli mín að yður, herra sýslumaður, vildi þóknast, að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps fyrir sveitfesti nefnds Sigurbjörns og senda mjer við fyrsta tækifæri. Reikningur yfir legukostnaðinn mun verða sendur síðar.

Páll Einarsson

Til
sýslumannsins í Suður-Múlasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
19. nóv. 09

232

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með erindi frá Þórði K. Þórðarsyni á Holtastöðum, þar sem hann fer þess á leit, að innheimt verði hjá hreppsnefnd Kjalarneshrepps, kr. 69.30, sem er meðlag með ómaga annum Katrínu Einarsdóttur frá 5. nóv. f.á. til 18. febr. þ.á. – Bið jeg yður að innheimta upphæð þessa hið fyrsta og senda honum hana eða mjer. –

Páll Einarsson

Til
sýslumannsins í Gullbr.- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
19. nóv. '09

233

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 100 - eitt hundrað krónur, sem er endurgjald frá Jóhannesi Proppé, verzlunarmanni á Þingeyri á meðlagi með barni hans, Láru Jónínu, og Helgu Magnúsdóttur, fyrir tvö ár. —
Kvittun óskast.

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik
19. Nov. 09

234

Hr. Ingeniör H. A. Hansen

Jeg undlader ikke herved at meddele dem, at Byraadet har paa et Möde i Aftes forelöbig udsat at tage Bestemmelse om om der skal udbetales dem höjere Gage end de allerede har oppebaaret, som ledende og tilsynsförende Ingeniör ved Vandværksanlægget.

Med Höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Entreprenör O. V. Hjörth(?)

dags. 22. nóv. '09

Eins og yður, herra entreprenör, er kunnugt fundust þeir gallar á verki því, er þjer hafið unnið við lagning vatns-veitunnar frá Gvendarbrunnum að Elliða-ánum, að of grunnt var ofan á pípurnar á tveimur smaköflum (29. og 30. athugasemd bæjarverkfræðingsins), en það væntist að þjer samkvæmt loforði yðar bætið úr þessu.

Ennfremur er sá galli á verkinu að þjer hafið notað stærri steina til uppfyllingar í skurðinn, en heimilt var samkvæmt skilmálunum. Bæjarstjórnin vildi þó ekki fyrir þessa sök neita að taka við verkinu, heldur var það á fundi 18. þ. m. ákveðið að taka við því og borga yður út það er þjer eigið eptir óborgað af akkordsupphæðinni, þetta þó hvorttveggja með því skilyrði, að 2000 krónum af verðinu, er sett var sjerstaklega fyrir þessu verki verði haldið eptir í eitt ár umfram hinn ákveðna ábyrgðartíma, þannig að af þeirri upphæð verði tekið það er þarf til að endurbæta skemmdir þær, er kunna að koma fram á þessu tímabili og orsakast af því, að of stórt grjót hefur verið látið í skurðinn.

Þetta tilkynnist yður hjer með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
23. nóv. 09

236

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjargjaldkeri, ~~hjer með~~, að á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar var dregið út Nr. 26 af handhafa skuldabrjefum Laugarneslánsins til innlausnar. – Ef handhafi brjefs þessa afhendir yður það með árituðri kvittun, ber yður að greiða honum út höfuðstól lánsins að fullu. –

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
19. nóv. 09.

237

Hjermeð sendi jeg yður, herra sýslumaður, skýrslu um æfiferil Jóns Bjarnasonar, Hverfisgötu 56, en hann hefur þ. 11. þ. m. orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 20 krónur. Maður þessi hefur 4 sinnum áður þegið styrk hjer í bænum, síðast árið 1901, og hefur nokkur hluti styrksins verið endurgoldinn. Bið jeg yður að innheimta 2/3 hluta af styrk þeim, er hann þ. 11. þ. m. hefur þegið og senda mjer við fyrsta tækifæri, og um leið útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndarinnar í framfærslusveit hans Leirár- og Melahreppi fyrir sveitfestinni og vantist þá jafnframt endurgoldið, það er nefndur hreppur skuldar frá eldri tíma fyrir þurfaling þennan.
Æfiferilsskýrsla og atsjónargjörð fylgir.

Til
sýslumannsins í Mýra- og Borgarfj. sýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
23. nóv 09. 231

Fátækranefndin hjer hefur orðið að veita Guðmundi Guðmundssyni, Frakkastíg 10, sveitarstyrk að upphæð 20 kr. Guðmundur þessi er sveitlægur í Bessastaðahreppi, og bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega viðurkenningu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfestinni og innheimta hjá hreppnum 2/3 hluta af upphæðinni.
Æfiferilsskýrsla og aðsjónargjörð fylgir hjer með.-

Til
sýslumannsins í Gullbr.- og Kjósarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. nóv. '09.-

239.

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með æfiferilsskýrslu stúlkunnar Kristínar Guðvaldínu Guðmundsdóttur og að sjónar gjört, er farið hefur fram hjá henni. Hef jeg orðið neyddur til að veita henni 50 króna styrk samkv. meðfylgjandi reikningi. Hún býr með trjesmið Kristni Gíslasyni að nafni og á með honum 3 ungbörn, sem æfiferilsskýrslan getur um og er nú vanfær að hinu fjórða. Hann er alveg atvinnulaus og getur því sem stendur ekkert unnið fyrir heimilinu. Kristín Guðvaldína er sveitlæg í Skinnastaðahreppi og bið jeg yður að útvega viðurkenningu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfestinni og innheimta hjá hreppnum 2/3 hluta af þeim 50 kr., sem veitt hafa verið.

Til
sýslumannsins í Þingeyjarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. nóv. 09.

240

Með skírskotun til brjefs 17. þ. m. viðvíkjandi sveitfesti Sigbjörns Sigmundssonar, Laufásvegi 27, tilkynnist hjer með, að fátækranefndin hefur orðið að veita úr fátækrasjóði 15 kr. til framfæris konu hans og börnum. Aðsjónargjört fylgir hjer með, og bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta hjá Reyðarfjarðarhreppi 2/3 hluta upphæðar þessarar og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Til

sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. nóv. '09.

241

Fátækranefndin hefur á fundi 19. þ.m. samþykkt að hækka meðlag með ómaganum Guðrúnu Sigmundardóttur úr 15 kr. upp í 20 krónur á mánuði frá 1. þ.m. að telja, og ber því frá þeim tíma að greiða Jóhönnu Hallgrímsdóttur þeirrar, er ómagann heldur þetta meðlag.-

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
24 nóv. 09

242

Hjermeð vil jeg biðja yður, herra bæjarfógeti, að gefa út fátækraflutningsbrjef handa stúlkunni Agata Guðmundsdóttur ásamt syni hennar óskírðum, sem fara hjeðan á morgun til Álptaneshrepps í Mýrasýslu.

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
25. nóv. 09.

243

Fátækranefndin hefur orðið að leggja út til bráðabyrgða barnsmeðlag að upphæð 40 krónur með barni Benedikts kaupm. Stefánssonar og Ingunnar Friðriksdóttur, Aðalheiði að nafni, fyrir árið 1908-1909, en meðlag þetta fjell í gjalddaga 14. þ.m.. Með því að nefndur Benedikt Stefánsson mun vera í sýslu yðar, bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta nefndar 40 krónur hjá honum og senda mjer við fyrsta tækifæri.

Staðfest eptirrit úr dómsmálabók Snæfellsness og Hnappadalssýslu fylgir hjer með, en óskast endursent ásamt meðlaginu.

Til
sýslumannsins í Snæfellsness og Hnappadals

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
25. nóv. '09
244

Fátækranefndin hefur orðið að leggja út til bráðabyrgða barnsmeðlag að upphæð 40 krónur með óskilgetnu barni Jóns Ólafssonar á Kúludalsá og Guðrúnar Helgu Guðmundsdóttur hjer í bænum, Mörtu að nafni, en meðlag þetta fjell í gjalddaga þ. 24. þ.m. samkvæmt úrskurði útg. 26. júlí þ. á. af yður. Nefndur Jón Ólafsson er sveitlægur annaðhvort í Innri eða Ytri Akraneshreppi, og bið jeg yður því, herra sýslumaður, að innheimta nefndar 40 kr. hjá framfærslusveit hans og senda mjer við fyrsta tæki færi.-

Úrskurðurinn fylgir hjer með, en óskast endursendur ásamt með laginu.

Til
sýslumannsins í Mýra- og Borgafjarðars.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórn Reykjavíkur
26. nóv. 09. –

245

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður, herra kaupmaður, leyft að byggja geymsluskúr með eldhúsi á fast við íbúðarhús yðar á Kirkjusandi 6 × 9 3/4 álnir að stærð.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
kaupmaður Th. Thorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. nóv. '09

246

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, var yður leyft að byggja skúr og salerni, alls 4 x 10 álnir á lóð yðar, Grettisgötu 35a, samkvæmt teikningu þeirri, er fylgdi beiðni yðar, dags. 10. þ. m.

Herra
Bjarni Þorláksson. Grettisg. 35a

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. nóv. 09.

247

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær leyft yður og Helga Helgasyni að byggja timburhús 11½ × 8° og skúr áfastan við það 4½ × 8 á lóð við Hverfisgötu nr. 6, samkvæmt beiðni ykkar dags. 17. nóv. og uppdrætti þeim, er fylgdi henni.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.

Herra
Einar Sveinsson, Hverfisg. 6

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. nóv. 09.

248

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær leyft eigendum Hotel Island að breyta og hólfa sundur útihús það, er veit að Vallarstræti, samkvæmt teikningu þeirri, er fylgdi beiðninni. Húsið er þó ekki ætlað til íbúðar.–

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.–

Til
eigenda Hotel Island.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. nóv. '09.

249.

Hjer með tilkynnist yður, herra trjesmiður, að bæjarstjórnin hefur leyft yður að endurreisa hús það, er brann á næstliðnu vori að öllu leyti með sama fyrirkomulagi og sömu herbergjaskipun og stærð eins og húsið sem brann. Ennfremur var samþykkt að þjer ekki þurfið að greiða byggingarleyfisgjald kr. 33.85 á ný.

Herra
trjesmiður Samúel Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
26. nóv. 09.-

250

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var tekin til meðferðar beiðni yðar um að fá á erfðafestu c. 8 dagsláttur úr Kringlumýrinni, sunnanvert við vatnsveituveginn, næst Rauðarárholti.

Bæjarstjórnin samþykkti að yður verði veitt á erfðafestu, með hinum nýju skilmálum á tilgreindum stað 2 hektarar, jafnhliða ferhyrningu, og sje ræktunartíminn 5 ár að meðtöldu girðingarárinu, og verður landið yður síðar útmælt af bæjarverkfræðingnum.

Herra
trjesmiður Jón Zoëga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. nóv. 09.

251

Bæjarstjórnin synjaði beiðni yðar og Einars Jónssonar á fundi sínum í gær, um að fá land til ræktunar sunnan til við Óðinsgötu.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.

Herra
Hannes Hannesson, Bergstaðastr. 50

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
27. nóv. '09.

252

Til svars brjefi yðar dags. 24. þ. m., þar sem þjer farið fram á að fá 200 króna lán, svarast þannig að jeg hef enga peninga undir hönd-um til að lána, nema því að eins að það sje fátækrastyrkur.–

Herra
Haraldur Jónsson Grettisgötu 54

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
27. nóv. '09

253

Í framhaldi af brjefi mínu dags. 23. þ.m. sendi jeg yður, herra sýslumaður, hjer með reikning yfir sveitarstyrk Kristínar Guðvaldínu Guðmundsdóttur, er fylgja átti með nefndu brjefi mínu.

Til
sýslumannsins í Þingeyjarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. nóv. 09. –



254

Á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar, var tekin til meðferðar beiðni yðar, háæruverðugi herra biskup þar sem þjer farið fram á að fá c. 5 dagsláttur úr Vatnsmýrinni, áfast við erfðafestu-land yðar. –

Bæjarstjórnin samþykkti að láta yður fá land þetta á erfðafestu að undanskildu litlu horni, sem væntanleg hringbraut kringum bæinn kemur til að liggja yfir. – Ræktunartíminn er af bæjarstjórninni ákveðinn 4 ár að meðtöldu því ári, sem ætlað er til girðingarinnar. –

Erfðafestubrjef fyrir landinu verður gefið út, þegar jeg hef fengið skýrslu bæjarverkfræðingsins um flatarmál þess. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
25. nóv. '09

255

Samkvæmt meðfylgjandi amtsúrskurði, er skyldaður Tómas Sigmundsson til þess að gefa 36 krónur árlega með dóttur hans, Margrjeti Ágústu að nafni, og Halldóru Ólafsdóttur, ber fátækrasjóði Reykjavíkur, að greiða meðlag þetta fyrir árið frá 5. ágúst 1908 til jafnlengdar '09. þessar kr. 36.00, er hjer með lagt fyrir yður, herra bæjargjaldkeri, að greiða sem fyrst til sýslumannsins í Mýra- og Borgafjarðarsýslu.

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
25. nóv. 09

256

Jeg hef með brjefi í dag lagt fyrir bæjargjaldkera Reykjavíkur að senda yður til ráðstöfunar 36 krónur til lúkningar meðlagi því er Tómasi Sigurðssyni bar samkvæmt amtsúrskurði 14. júlí 1896 að greiða fyrir árið frá 5. ágúst 1908 til jafnlengdar 1909. Ennfremur get jeg þess að þ. 20. febr. þ. á. hefur Jóni Einarssyni á Leirá, verið ávísuð fúlgan samkv. úrskurðinum fyrir árið 1907 til 1908.

Úrskurðurinn endursendist hjer með.

Til

Sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðars.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
30. nóv. 09

254

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjermeð verslunarskýrslu fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 1. okt. 1908 til jafnlengdar 1909. –

Til
sýslumannsins í Gullbr. og Kjósarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
30. nóv. 09.

258

Með brjefi dags. 13. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd Fljótshlíðarhrepps sent mjer kr. 26.67 – tuttugu og sex krónur sextíu og sjö aura til endurgjalds 2/3 hlutum af styrk veittum konunni Ástríði Hróbjartsdóttur úr fátækrasjóði á tímabilinu frá 23. maí til 16. ág. þ. á.

Fyrir þessum kr. 26.67. kvittast hjer með.

Til
Sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
30. nóv. '09.—

259.

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 26 kr. 67 a. — tuttugu og sex krónur sextíu og sjö aura —, sem er endurgjald frá Fljótshlíðarhreppi á 2/3 hlutum af sveitarstyrk Ástríðar Hróbjartsdóttur er ávísað var úr fátækrasjóði þ. 2. júní þ. á. að upphæð 20 krónur og svo 20 kr. er eptirstöðvar frá fyrra ári.

Kvittun óskast.

Til

Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. desbr. 09. 260

Með brjefi dags. 26. f. m. hafið þjer, herra oddviti, sent mjer kr. 6.67 – sex krónur sextíu og sjö aura –, sem er endurgjald á 2/3 hlutum sveitarstyrks þess, er Júlíönu Sigurðardóttur var áveittur úr fátækrasjóði þ. 5. febr. þ. á.

Jafnframt því að kvitta fyrir nefndum kr. 6.67, leyfi jeg mjer hjer með að senda reikning yfir fátækrastyrk er Júlíönu hefur verið veittur frá 17. febr. til 1. þ. m. að upphæð 80 kr. og krefjast endurgjalds á 2/3 hlutum af nefndri upphæð. –

Til
hreppsnefndar Garðahrepps,
Görðum. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. desbr. 09.–

261

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 6.67 – sex krónur sextíu og sjö aura, sem er endurgjald frá Garðahreppi á 2/3 hlutum sveitarstyrks þess, er Júlíönnu Sigedóttur var veittur þ. 5. febr. þ. á.
Kvittun óskast.

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. desbr. '09. –

262

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 40 – fjörutíu krónur – sem er endurgjald frá Þingvallahreppi á barnsmeðlagi er þ. 28. sept. var lagt út til bráðabyrgða úr fátækrasjóði með barni Guðsteins Einarssonar og Margrjetar Geirsdóttur, Eyjólfi að nafni. –

Kvittun óskast við fyrsta tækifæri. –

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
2. des. '09.

263

/ Hjermeð sendi jeg niðurjöfnunar nefndinni til umsagnar erindi Einars Jónssonar frá Núpstað, þar sem hann fer þess á leit að falla megi niður útsvar það, er honum hefur verið gjört að greiða.
Vænti jeg að fá svar nefndarinnar fyrir næsta. fund bæjarstjórnarinnar. –

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 3. desbr. 09.




Brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum samþykkti bæjarstjórnin á fundi sínum í gær.

| | | |
|---|---|---|
| Sveins Sveinssonar, Bankastræti | kr. | 12013.00 |
| Guðmundar Jafetssonar, Háteig | " | 3799.00 |
| Fjós og hesthús sama | " | 720.00 |
| H. Hafsteins við Tjarnargötu | " | 21944.00 |
| Geymsluhús D. D. P. A. á Melunum | " | 2484.00 |

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, hjer með.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. des. '09.

265

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar þær, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær.–

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. desbr. '09.

266

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær leyft yður fyrir hönd Einars Benediktssonar að láta auka reykháfinn (18 x 18 þuml. utan að innan) í húsi Einars, því sem verið er að byggja við Austurstræti, Pósthússtræti og Vallarstræti, hallast allt að 24° til þess að hann sleppi upp með skotsperru undir suðurkvisti hússins; en því skilyrði er leyfið bundið, að svo sje um reykháfinn búið, að byggingarfulltrúa líki.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
trjesmíðameistari Magnús Blöndahl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. desbr. 09



Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær gjört breytingar á eptirgreindum aukaútsvörum 1909.

1. Aukaútsvar Hannesar Sigurðssonar í Ananaustum lækkað úr 14 kr. niður í 6 kr. –
2. Aukaútsvar Júlíönu Þórarinsdóttur, 3 krónur, var fellt burtu. –
3. Síðari helmingur aukaútsvars Kristins Magnússonar kaupm., var fellt burtu. –
4. Aukaútsvar Þorvaldar Ólafssonar, Laugaveg 74, var fellt burtu. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. desbr. 09.

268

Á fundi í gær gerði bæjarstjórnin eptirnefndar breytingar á útsvörum 1909:

1. Aukaútsvar Karmelíar Sigmundssonar í Ánanaustum lækkað úr 14 kr. niður í 6 kr.
2. Aukaútsvar Júlíönnu Þórarinsdóttur, 3 krónur var fellt burtu.
3. Síðari helmingur aukaútsvars Kristins Magnússonar var fellt burtu.
4. Aukaútsvar Þorvaldar Ólafssonar, Laugaveg 74 var fellt burtu.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna niðurjöfnunarnefndinni hjer með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. desbr. 09.

269

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær samþykkt, að falla megi niður aukaútsvar það, er yður hafði verið gjört að greiða þetta ár að upphæð 16 krónur.

Herra
Þorvaldur Ólafsson, Laugaveg 74

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. desbr. '09.

270

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær samþykkt að lækka aukaútsvar það, er yður hefur verið gjört að greiða þetta ár, úr 14 kr. niður í 6 krónur.

Herra
Hannes Sigurðsson, Ánanaustum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. desbr. 09.-

271

Bæjarstjórnin hefur á fundi sín-
um í gær ákveðið að síðari helm-
ingur útsvars þess, er yður hafði verið
gjört að greiða hjer þetta ár, falli
burt.-
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna
yður hjer með.-

Herra
fiskimatsmaður Kristinn Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. desbr. 09.

272

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra sagnfræðingur, að bæjarstjórnin hefur á fundi sínum í gær samþykkt, að aukaútsvar það, er Júlíönu Þórarinsdóttur, vinnukonu yðar, hefur verið gjört að greiða þetta ár, megi falla niður.

Herra
sagnfræðingur Jón Jónsson, Laufásvegi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. des. '09.

673

Hjer með tilkynnist yður, herra gjaldkeri, að jeg hef skipað Pál Ólafsson múrara til þess að gegna sótarastörfum í desembermánuði þeim er Jón Sveinsson hafði á hendi. Er því hjer með lagt fyrir yður að útborga honum sótaralaun hans fyrir desember 66 krónur 67 aurar = 66 kr. 67 a.

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. desbr. 09.

674

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda hinu háa stjórnarráði hjer með reglugjörð til bráðabirgða um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík, er bæjarstjórnin hefur samið, samkv. lögum Nr. 84, 22. nóv. 1907, og beiðast þess að stjórnarráðinu vildi þóknast að staðfesta hana.–

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. des. 09

275

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna bankanum, að bæjarstjórnin ákvað á fundi sínum þ. 2. desbr. að nota ekki forkaupsrjett að eptirgreindum erfðafestulöndum:
Suðurhólsblett
Votavöll
Sjávargötu
Garðbæjarblett
Erfðafestulandið í Bráðræðistúni,
en lönd þessi ætlar bankinn að selja Sveini J. Einarssyni.

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. desb. 09. –

674

Það er ætlast til, að lagður verði í gjörð ágreiningur, sem er milli bæjarstjórnar Reykjavíkur annarsvegar og entreprenörs O. V. Kjögx hinsvegar út af lagningu vatnsveitunnar frá Gvendarbrunnum og niður fyrir Elliðaár, og á gjörðardóminum að vera þannig skipaður að hvor málsaðili kjósi einn mann, en þeir aptur oddamann dómsins, er sje lögfræðingur. Bæjarstjórnin hefur nú á fundi 2. þ. m., kosið yður, herra verkfræðingur, sem gjörðardómara í máli þessu, og leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að þjer takið að yður starfa þennan.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. desbr. '09.

676

Það er ætlast til að lagður verði í gjörð ágreiningur, sem er milli bæjarstjórnar Reykjavíkur annarsvegar og entreprenöra O. V. Kjögt og G. Lössl hinsvegar út af frágangi á skurðgreptri og ofanmokstri o. fl. vatnsveitunnar á kaflanum frá Elliðaánum að Rauðarárholti, og á gjörðardómurinn að vera þannig skipaður, að hver málsaðili kjósi einn mann, en þeir aptur oddamann dómsins, er sje lögfræðingur. Bæjarstjórnin hefur á fundi 2. þ. m. kosið yður, herra verkfræðingur, sem gjörðardómara í máli þessu, og leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að þjer takið að yður starfa þennan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. desbr. 09.-

Með heiðruðu brjefi dags. 27. f.m., hafið þjer, herra málfærslumaður, fyrir hönd konsúls J. Brillouin farið þess á leit, að byggingarnefndin breyti mörkum á lóð þeirri í Fjelagstúni, er nefndur konsúll, sem fulltrúi frakkneska spítalafjelagsins í Dunkerque keypti á næstliðnu hausti.

Þessu erindi yðar hefur byggingarnefndin svarað á þá leið, að þar sem takmörk lóðar þessarar eru ákveðin með samningi við seljendur hennar, þá yfirdómara Jón Jensson og bankagjaldkera Halldór Jónsson, þá getur nefndin ekki breytt lóðamörkunum nema umsókn eða samþykki seljendanna komi til.-

Jafnframt því að tilkynna þetta, skal það tekið fram, að ef þjer útvegið og sendið byggingarnefndinni samþykki seljenda lóðarinnar, til þess að lóðamörkunum verði breytt eins og þjer farið fram á, þá munu þjer geta vænst árangurs af umræddri málaleitun yðar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. des. '09. –

2679

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að fara þess á leit að mjer verði ávísaðar úr landssjóði þær 300 krónur, sem veittar eru á fjárlögunum til sundkenslu í Reykjavík yfirstandandi ár. – Jafnframt leyfi jeg mjer að geta þess, að sundkenslan hefur farið fram lengri tíma bæði vor og haust, en áskilið er í fjárlögunum, og að lærisveinar mentaskólans hafa notið ókeypis kenslu. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6 desbr. 09.

280.

Árið 1908, voru teknar eignarnámi undir Unnarstíg 472 □ álnir og var hver alin metin á 20 aura. Andvirði lóðar þessarar mun aldrei hafa verið greitt úr bæjarsjóði, og er því lagt fyrir yður, herra gjaldkeri, að greiða það, kr. 94.40, hið allra fyrsta til forstöðumanns kaþólska-trúboðsins.

Til
bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
6. des. 09.

281

Benjamín nokkur Guðmundsson, Skólavörðustíg 33, hefur orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 20 krónur. Samkvæmt meðfylgjandi æfiferilsskýrslu hans, er hann sveitlægur í Skinnastaðahreppi, og bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar þess hrepps fyrir sveitfestinni og innheimta hjá henni 2/3 hluta hins veitta styrks.

Aðstjórnargjörð er fram fór hjá Benjamín, sendist einnig hjer með.

Til
sýslumannsins í Þingeyjarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. desbr. '09.-

282

Jeg hef hingað til gleymt að tilkynna yður, herra bæjargjaldkeri, að þ. 17. sept. f.á., fjekk Þórhallur biskup Bjarnarson samþykki bæjarstjórnarinnar til þess að breyta 730 feralnum úr erfðafestulandi sínu í byggingalóð, gegn því að 1/5 hluti kaupverðsins greiddist í bæjarsjóð. Lóð þessa seldi hann Guðmundi Helgasyni formanni búnaðarfjelagsins fyrir 1 kr. feralin hverja. Verður því sá hluti kaupverðsins, er renna á í bæjarsjóð kr. 14.60, og bið jeg yður að innheimta það fyrir árslok.-

Til

Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

318

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. desbr. 09 2683

Hjermeð tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að stærð óbyggðrar lóðar Þórhalls biskups Bjarnarsonar, er ekki rjett talin í síðustu lóðargjaldaskrá minni. Í henni er lóðin talin vera 6617 álnir en á að vera 5050 álnir og lóðargjaldið þar af 12 kr. 62. Þetta eruð þjer beðinn að leiðrjetta í lóðargjaldaskránni og endurborga það sem ofborgað kann að hafa verið.-

Til
Bæjargjaldkerans.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. desbr. '09. –

284

Jeg hefi á ný athugað lóðargjald kaþólska trúboðsins og komist að raun um, að það er of hátt tilgreint á lóðargjaldaskránni fyrir 1909. Gjaldið ber að greiða af byggðri lóð 2994 □ álnum með kr. 89.82., og ber yður, herra gjaldkeri, að innheimta gjaldið með þeirri upphæð, og leiðrjetta lóðargjaldaskrána samkvæmt því.

Til
Bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. des. 09. –

285

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, velæruverðugi herra prestur, að jeg hef lagt fyrir bæjargjaldkerann, að greiða yður 94 kr. 40 a., sem endurgjald fyrir 472 □ al. sem teknar voru lóðarnámi undir götu árið 1908 og bið jeg yður velvirðingar á því að gleymst hefur, að greiða gjald þetta á rjettum tíma. –

Samkvæmt upplýsingum frá yður, hef jeg leiðrjett lóðargjaldaskrána að því er snertir byggðar lóð í Landakoti og endursendi jeg yður gjaldseðla þá frá árinu 1905, er jeg fjekk hjá yður til eptirsjónar. –

Velæruverðugi
herra prestur Servaes,
Landakoti. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. desbr. 09.

286

Með skírskotun til landsyfirrjettardóms þess er gekk í fyrra, neitar bæjarstjórn Reykjavíkur, að greiða aukaútsvar til Seltjarnarneshrepps fyrir árið 1909–1910 og endursendist því hjerumrætt útsvarsseðillinn fyrir það ár.

Til
hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
6. des. '09

287

Hjermeð sendi jeg yður, háæruverðugi, herra biskup, ávísun á Íslandsbanka að upphæð kr. 12.60, til endurgjalds skemmdum á görðum af völdum vatnsveitunnar.

Kvittun væntist fyrir nefndum 12 kr. 60 a., við fyrsta tækifæri.–

Háæruverðugi
herra biskup Þórhallur Bjarnarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. desbr. 09.-

nr 1288.

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með kr. 44 - fjörutíu og fjórar krónur til endurgjalds fyrir að fylla upp grunninn Einars Benediktssonar við Austurstræti, samkvæmt meðfylgjandi reikningum, er endursendast hjer í með.-
Kvittun óskast.-

Til
bæjargjaldkerans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

látið vinna að verki þessu, á yðar kostnað (ɔ: aðgerð á Blesugróf). En að sjálfsögðu er yður þó frjálst að vinna sjálfur verkið eða láta vinna það undir umsjón þeirri, er bæjarstjórnin ákveður. Ef þjer sjálfur óskið að láta endurbæta verkið óska jeg að fá tilkynningu um það fyrir næstu áramót.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og jeg áður hef tilkynnt yður, er reikningsuppgjörð yðar dags. 30/10 þ. á. á akkorðsvinnu yðar frá Gvendarbrunnum niður fyrir Elliðaár samþykkt að öðru en því, að kveykihetturnar eru vantaldar um 100 og ~~og þá~~ á inneign yðar þess vegna að lækka um 3 kr.-

Það sem þjer neituðuð á sínum tíma að hreinsa burtu úr engjunum jarðanna ofan Elliðaánna grjót það, er kastast hafði út á þær frá sprengingunum yðar, ljet vatnsveitunefndin gjöra þetta á yðar kostnað, og var kostnaðurinn við það alls kr. 134.35 eins og meðfylgjandi reikningsafrit sýnir. Upphæð þessa leyfi jeg mjer einnig að draga frá inneign yðar samkvæmt reikningnum.-

Nú er inneign yðar samkvæmt reikningnum kr. 9276.01 og þegar þar frá dragast samkv. framansögðu kr. 137.35, verða eptir kr. 9138.66, er jeg sendi yður hjermeð í ávísun á Íslandsbanka, þar sem þjer hingað til hafið neitað að taka við borgun þessari.-

Framh. bls. 324

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. desbr. 09

Við rannsókn þá er fram hefur farið á lagningu vatnsveitunnar frá Elliðaánum að Rauðarárholti, er þjer, herra entreprenör og G. Rössel hafið lagt samkvæmt þar um gjörðum akkordssamningi, hefur það komið í ljós eins og yður áður hefur verið sýnt og tilkynnt, að verkið er að ýmsu leyti ekki samningi samkvæmt. Eru þeir gallar á, að víða vantar á að nægilega djúpt sje á pípunum, ekki gengið frá yfirborði haugsins eins og á að vera, vatnsop gegnum hauginn ekki fullnægjandi o.s.fr. Jeg sendi yður með eptirrit af skýrslu bæjarverkfræðingsins, er sýnir hverjir gallar eru á verkinu. Þar sem frost var komið í jörðu og álitið var orðið haust, er þjer afhentuð verkið og skoðunin fór fram, eru engin tiltök að bæta gallana á þessu ári og ekki fyr en á vori komandi. Hefur því bæjarstjórnin afráðið að halda eptir fje því, er þjer hafið sett til tryggingar því, að verkið yrði forsvaranlega og samningi samkvæmt af hendi leyst, og verður þá af fjenu næsta vor tekið það, er þarf til að lagfæra verkið, sem og til greiðslu því, er vatnsveitunefndin [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. desbr. 09.-

Bæjarstjórn Reykjavíkur á hús í landi jarðarinnar Grafar skammt fyrir sunnan Baldurshaga og ennfremur tvær brýr yfir Bugðu, er byggt var til afnota við lagning vatnsveitunnar; bæði húsið og brýrnar vill bæjarstjórnin nú láta selja við opinbert uppboð, ef viðunandi boð fæst. Eru það því tilmæli mín, að þjer, herra sýslumaður, viljið bjóða hvorutveggja upp við eitt opinbert uppboð við fyrsta tækifæri, og setja það í söluskilmálana að sala fari því að eins fram, að bæjarstjórnin samþykki boð þau, sem gjört verða.

Jeg vænti að meðtaka tilkynningu frá yður um hvenær uppboðið fer fram.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. des. '09

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra skólastjóri, að eptirgreindum börnum hefur verið veittur styrkur úr Thorkilliibarnaskólasjóði, 20 kr. hverju, fyrir fardagaárið 1909-10.

1. Aðalríður Kristín Bjarnadóttir, Vitastíg 17
2. Ástríður Sigurrós Guðmundsdóttir frá Hala
3. Haraldur Einarsson, Laugholti
4. Magnús Jón Kristófersson, Stýrim. stíg
5. Friðbjörn Albert Jóhannsson, Bræðrab. stíg 35
6. Björn Björnsson, Kárastíg 2 (söðlasmiðs)
7. Auðbjörg Árnadóttir, Skothúsinu
8. Ásmundur Árnason Helgasonar skósm.
9. Einar Oddgeir Benediktsson, Nýlendug. 16
10. Ingibjörg Jónsdóttir Runólfss., Bókhlöðust. 6
11. Einar Ingvar Pálsson, Nýlendugötu 4
12. Oddur Ágúst Oddsson, Brautarholti
13. Guðrún Nikulásdóttir, Litla-Steinsholti
14. Steingr. Klingenb. Guðmundsson, Bergst. St. 44
15. Þuríður Ólafía Pálsdóttir, Bergst. Str. 26b
16. Gísli Andrjesson, Bjarnasonar, Laugar.
17. Marta Þorvaldína Sveinbjörnsdóttir, Skólav.st.
18. Sæmundur Kristjánsson, Laugaveg 37
19. Sigríður Sveinsdóttir, Smiðjustíg 11
20. Kristín Sigurrós Magnúsd. Einarss., Seli
21. María Sesselja Pálsdóttir, Klapparstíg
22. Bergþór Pálsson — " —
23. Ásta Valentína Árnadóttir, Bergst. Str. 27
24. Kamilía Björg Pjetursdóttir, [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. Ásta P. Bjering
26. Vilborg }
27. Jóhann } Gísl. Þorbergsson. Frakkast. 5
28. Svandís Sigurðardóttir, Hverfisg. 44 (veik, 12 ára
29. Guðrún Árnadóttir, Bakkastíg 7
30. Margrjet Einarsdóttir, Vitastíg 7 (veik, 12 ára
31. Þorbjörg Sigmundsdóttir, Vesturg. 57
32. Ingibjörg Guðmundsdóttir, Skálholti
33. Ólafía Björnsdóttir, Nýlendug. 12
34. Þorsteinn Jósepsson, Vesturg. 57
35. Sigurbjörg Sigurðardóttir, Birtingaholti
36. Magnús Júl. Þórðarson, Brekkuholti
37. Kristrún Jóhannesdóttir, Brekkuholti
38. Einar Jónsson, Eiðsstöðum
39. Ragna Guðrún Jóhannesdóttir, Bræðrab. stíg
40. Bjarnheiður Jóhannesdóttir, —— " ——
41. Guðrún Magnea Magnúsdóttir, Stóra-Skipholti
42. Georg Grímsson, Vesturg. 59.
43. Björgvin Friðsteinsson, Laufásveg 27
44. Hallgerður Ólafsdóttir, Ásinum Laugaveg
45. Kjartan Ólafsson, —— " ——
46. Oddný Petrea Eiríksdóttir, Selkoti
47. Sigríður Guðmundsdóttir, Lindarg. 1B
48. Sveinbjörn Ingimundarson, Laufásveg 16
49. Haraldur Ólafsson, Bjarnaborg
50. Kristinn Símonarson, Bakka
51. Elín Halldórsdóttir, Skipstj. Þingholtsstr. 11.
52. Borghildur Magnúsdóttir, Skipstj. (Sigv. Runólfsd.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. desbr. '09.-

Samkvæmt kæru, sem fram hefur komið við lóðargjaldaskrá kaupstaðarins út af lóð Kristins Guðmundssonar við Njálsgötu 26, á óbyggða lóðin að vera 1970 □ og gjaldið þar af 49 aurar en byggða lóðin á að vera 190 □ al. og gjaldið 5 kr. 70.-

Þetta eruð þjer, herra gjaldkeri, beðinn að leiðrjetta.-

Til

Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. desbr. 09.

Stjórnarráðið hefur veitt alls 52 börnum hjer í bænum styrk úr Thorkillii barnaskólasjóði eða samtals 1040 krónur. Er hjer með lagt fyrir yður, herra gjaldkeri, að veita upphæð þessari viðtöku hjá stjórnarráðinu og fyrir hana að kvitta.

Af upphæðinni eiga 20 kr. að greiða Einari S. Jónssyni, Vitastíg 7, styrkur til handa dóttur hans og 20 kr. eiga að greiðast foreldrum Svandísar Sigurðar-dóttur, Hverfisgötu 44. En 1000 kr. af styrknum til færist undir tekjulið 18 í áætlun kaupstaðarins.

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. desbr. 09.

294

Stúlka að nafni Guðrún Ágústa Jónsdóttir hefur búið hjer í bænum með Guðmundi nokkrum Erlendssyni, sem nú er í varðhaldi, ákærður fyrir þjófnað. Hefur hún orðið að leyta sveitarstyrks fyrir sig og tvö börn sín, og bið jeg yður því, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps fyrir sveitfesti stúlku þessarar. Á sínum tíma verður svo krafist endurgjalds að tveimur þriðjuhlutum styrks þess, sem henni verður veittur.

Skýrsla um æfiferil þurfalingsins og um að sjóðagjörð, er fram fór hjá henni áður en styrkurinn var veittur, fylgir hjer með.

Til

sýslumannsins í Gullbr.- og Kjósarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. desbr. 09.

205

Með skírskotun til brjefs míns 19. ágúst og 12. okt. þ.á. sendi jeg yður, herra sýslumaður, hjer með reikning yfir legukostnað stúlkunnar Guðrúnar Jóhannesdóttur frá Geiradalshreppi frá 1. okt. þ.á. til dánardags hennar og yfir útfararkostnað hennar, samtals 134 kr. 2 aurar. Hefur fátækrasjóðurinn lagt út fyrir hin látna þurfaling kr. 369.52, og er þess farið á leit, að þjer innheimtið tafarlaust upphæð þessa hjá Geiradalshreppi.

Til
sýslumannsins í Barðastrandarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. desbr. 09.

295

Hjer í bænum, er ógipt kvenmaður að nafni Málfríður Magnúsdóttir, er býr með Árna nokkrum Magnússyni, sem er sveitlægur í Miðneshreppi. Heimili þessu hefur orðið að veita fátækrastyrk bæði í fyrra og einnig á þessu ári, og er að því komið, að Árni Magnússon verði fluttur á sveit sína og sömuleiðis nefnd Málfríður. Jeg sendi því yður, herra sýslumaður, hjer með afskrift skýrslu nefndrar Málfríðar, er sýnir, að hún er sveitlæg á Akranesi, og bið jeg yður að útvega mjer hið allra fyrsta viðurkenningu hlutaðeigandi hreppsnefndar fyrir sveitfestinni.

Til
sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðars.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. desbr. '09. — 296

Í næstliðnum mánuði stóð hjer uppi vegalaus og allslaus ungur fáráðlingur nokkur að nafni Kristján Damasius Guðmundsson, sveitlægur í Auðkúluhreppi í Ísafjarðarsýslu. Af fátækrasjóði hjer, var greiddur heimfararkostnaðurinn nestur, 13 krónur og fyrir veru hans hjer 3 krónur, eins og meðfylgjandi reikningar sýna. Þessar 16 krónur bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta hjá Auðkúluhreppi. —

Æfiferilsskýrsla Kristjáns fylgi hjer með. —

Til
sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. desbr. 09.-

297

Jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með, reikning yfir fátækrastyrk þann, sem orðið hefur að leggja Ásbirni Sveinssyni áður á Laugaveg 73, en nú á Njálsgötu 49B á yfirstandandi ári, að upphæð 75 krónur. Hreppsnefnd Villingaholtshrepps hefur í brjefi dags. 21. april þ. á. viðurkennt Ásbjörn þennan sveitlægan hjá sjer, og bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta hjá þeim hreppi 2/3 hluta af áðurgreindum 75 krónum.-

Þess skal getið, að vegna ákvæða fátækralaganna, hefur Ásbjörn ekki orðið fluttur fátækraflutningi ásamt fjölskyldu sinni að þessu sinni, en fjölskyldan verður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

væntanlega flutt næsta vor.
Jeg hefi nú látið taka æfiferils-skýrslu Ásbjarnar og gjöra áreiðan-anlega gjörð hjá honum og fylgja báðar þær skýrslur hjer með.

Til
Sýslumannsins í Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkr.
7. desbr. 09

298

Hjer í bænum er þurfalingur að nafni Bjarni Jónsson, er fjekk fátækrastyrk í fyrsta sinni þ. 15. febr. á. Hann var þá í fyrstu álitinn sveitlægur í Stokkseyrarhreppi, og var þeirri hreppsnefnd tilkynnt styrkveitingin með brjefi dags. 20. marz þ. á. – En Bjarni þessi mun vera sveitlægur í Villingaholtshreppi í Árnessýslu. Til sönnunar því, send jeg hjer með æfiferilsskýrslu hans sem og afsjónargjörð er á ný var gjörð hjá honum 10. f. m. – Bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar Villingaholtshrepps fyrir sveitfestinni. Reikningur yfir það sem Bj[illegible]ni hefir þegið hjá [illegible] í bæ[illegible]n[illegible], að upphæð 100 k[illegible] [illegible] bíð[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjer með og óskast [illegible] að hen[illegible]
inn heimtur hjá framfærslusveit
in[illegible].

[illegible] áritað af bréfi því til hrepps-
[illegible]dans Stokkseyrarhrepps fylgir
hjer með.

Til

Sýslumannsins í Árnessýslu

339

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9. des. 09.

249

Eins og jeg áður munnlega hef talað um, hafa komið til mín kvartanir yfir því, að þjer, herra kaupmaður, geymið kol í porti opnu við Hafnarstræti, þannig að bæði stafar af því eldhætta og óþrifnaður. Jeg skal því hjer með skjóta því til yðar, að fylla ekki port þetta með kolum eða geyma kol þar framvegis.-

Herra
kaupmaður Ásgeir Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. des. 09

300

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur á fundi sínum í gær samþykkt, að hækka meðlagið með þurfanum E. Guðbjörnssyni, sem er hjá Gunnari Björnssyni, uppí 10 kr. á mánuði frá 1. jan. næstk. að telja.

Til
Bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. des. '09.–

301

Fátækranefndin hefur á fundi í gær ákveðið að veita Jóni Jónssyni, Laufásvegi 27 til bráðabirgða 10 króna styrk á mánuði.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með.–

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. des. '09.

302

Hjer með tilkynnist yður, að fátækranefndin hefur á fundi sínum í gær ákveðið að veita föður yðar til bráðabirgðar 10 króna styrk á mánuði hverjum. +

Til
Sigríðar Jónsdóttur, Laufásveg 27

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. des. 09. –

303

Á fundi fátækranefndarinnar í gær var ákveðið að hækka meðlagið með Inger Dagbj. Jóhönnu Magnúsdóttur upp í 80 krónur á ári frá 1. jan. næstkomandi að reikna. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
Helgi Stefánsson Bergstaðastr. 35

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. des. 09

304

Hjer með tilkynnist yður, herra gjaldkeri, að fátækranefndin hefur ákveðið að hækka meðlagið með ómaganum Ingv. Dagbj. Jóhönnu Magnúsdóttur, sem er hjá Helga Stefánssyni, Bergstaðastr. 35 uppí 80 krónur á ári - frá 1. jan. næstk. að reikna. -

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. des. '09. –

305

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, að fátækranefndin hefur á fundi í gær samþykkt að hækka styrk yðar upp í 6 krónur á mánuði frá 1. jan. næstk. að reikna. –

Til
Katrínar Árnadóttur, Suðurgötu 11

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. desbr. 09.–

306

Fátækranefndin hefur á fundi í gær ákveðið að hækka styrk Katrínar Árnadóttur, Suðurg. 11 uppí 5 kr. á mánuði frá 1. janúar næstk. að telja.

Þetta tilkynnist yður hjermeð.–

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. Desbr. '09.

307

Fátækranefndin hefur ákveðið að hækka styrk yðar um 2 krónur á mánuði frá 1. jan. næstk. að reikna. —
Þetta tilkynnist yður hjermeð.

Til
Kristínar Þórðardóttur, Vesturg. 55

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans
10. desbr. '09.

308

Hjer með tilkynnist yður, herra gjaldkeri, að fátækranefnd in hefur ákveðið að hækka styrk Kristínar Þórðardóttur, Vesturgötu 55, um 2 krónur á mánuði frá 1. jan. næstk. að telja.–

Til
Bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. desbr. 1909.-

309

Hjer með tilkynnist yður, herra gjaldkeri, að fátækranefndin hefur á fundi sínum í gær veitt Margrjeti Jónsdóttur í Veghúsum 4. króna styrk mánaðarlega frá 1. þ. m. að telja.-

Til
Bæjargjaldkerans.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. nóv. 09.

310

Fátækranefndin hefur ákveðið að neita yður 4 króna styrk mánaðarlega frá 1. þ. m. að telja.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.–

Til
Margrjetar Jónsdóttur,
Veghúsum við Hverfisgötu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. desbr. 09.

311

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur ákveðið að greiða fyrst um sinn Ingvari Þorsteinssyni, bókbindara, Laugav. 38, 10 kr. mánaðarlegt meðlag með Ívarar, syni Kristjáns J. Buch og Guðr. Jónsdóttur. –

Til
Bæjargjaldkerans. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. des. '09.

312

Hjer með tilkynnist yður, herra bókbindari, að fátækranefndin hefur á fundi í gær ákveðið að greiða fyrst um sinn til yðar, 10 kr. mánaðarlegt meðlag með, Ivari, syni Kristjáns J. Buch og Guðrúnar Jónsdóttur.

Herra
bókbindari Ingvar Þorsteinsson,
Laugav. 38.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
10. des. 09. 313

Fátækranefndin hefur á fundi í gær synjað yður um hækkun á meðlagi með ómaganum Sigurði Þorkelssyni
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
Bjarni Magnússon, Laugaveg 18

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. des. '09.—

314

Fátækranefndin hefur á fundi í gær samþykkt að hækka meðlagið með Guðrúnu Guðbrandsdóttur úr 15 kr. á mánuði í 18 kr. frá 1. jan. næstk. að telja.

Herra
Ólafur Ólafsson, Garðbæ

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans
10. des. 09. –
315

Fátækranefndin hefur á fundi í gær samþykkt að hækka með lag til Ólafs Ólafssonar í Gaulsbæ með ómaganum Guðrúnu Guðbrandsdóttur úr 15 kr. á mánuði í 18 kr. frá 1. jan. næstk. að telja.

Til

Bæjargjaldkerans. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. des. '09. –

316

Hjer með sendi jeg yður, herra sýslumaður, afrit af vottorði .......
.......

Hjer með sendi jeg yður, herra sýslumaður, afrit af vottorðsskýrslu stúlkunnar Kristínar Grímsdóttur, en fátækranefndin hefur orðið að ganga í ábyrgð fyrir greiðslu legukostnaðar hennar. Samkvæmt skýrslunni er hún sveitlæg í Andakíls-hreppi í Borgarfjarðarsýslu og vil því biðja yður að útvega mjer viðurkenningu þess hrepps fyrir sveitfesti nefndrar stúlku og senda mjer við fyrsta tækifæri. –

Til
sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. desbr. 09.

317

Fátækranefndin hefur á fundi í gær viðurkennt sveitfesti Gunnars Þorbergs Lárussonar, sá er heiðrað brjef yðar, herra sýslumaður, ræðir um, og hef jeg nú lagt fyrir bæjargjaldkerann að greiða 2/3 hluta af þeim 50 kr. sem honum voru veittar úr fátækrasjóði Hafnarfjarðar.
Jafnframt óskast það upplýst, hver sje faðir barns þess, sem æfi-ferilsskýrslan skýrir frá, að konan eigi, og er þess óskað, að meðlags-úrskurður verði sem fyrst gefinn út á hendur honum, ef hann er í sýslu yðar. –

Til
sýslumannsins í Gullbr.- og Kjósarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. desbr. 09. –

318

Hjer með er lagt fyrir bæjargjaldkera Reykjavíkur að greiða til sýslumannsins Gullbr.- og Kjósarsýslu 2/3 hluta af 50 krónum, sem Gunnari Þorbergi Lárussyni, sveitfaling Reykjavíkurbæjar hefir verið veittar úr fátækrasjóði Hafnarfjarðarkaupstað. –

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
14. des. '08.-

319

Fátækrasjóður Reykjavíkur, hefur orðið að leggja út til bráðabyrgða barnsmeðlag að upphæð 60 - sextíu krónur með barni Vagns Hjelmssonar og Halldóru Olafsdóttur, Njálsgötu 56 hjer í bænum, Olafi að nafni, áfallið 13. þ.m. samkv. meðfylgjandi úrskurði. Samkvæmt úrskurðinum á hann sveit í Húsavíkurhreppi, og bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta fúlguna hjá nefndum hreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Vottorð um að barnið sje á lífi fylgir og hjer með.-

Úrskurðurinn óskast endursendur.

Til
sýslumannsins í Þingeyjarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
14. desbr. 09

320

Gísli trjesmiður Gíslason, Spítalastíg 8 hefur í dag orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 15 krónur. – Samkvæmt meðfylgjandi æfiferilsskýrslu mun hann vera sveitlægur í Mjóafjarðarhreppi og eru það því tilmæli mín að þjer, herra sýslumaður, vildut útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndar Mjóafjarðarhrepps og umleið innheimta 2/3 hluta af hinum veitta styrk. –

Skýrsla um aðsjón er gjört hefur verið hjá nefndum Gísla áður en styrkurinn var veittur sendist einnig hjer með. –

Til

sýslumannsins í Suður-Múlasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
14. des. 04.

321

Þorsteinn trjesmiður Ásbjörnsson, Laugaveg 72, hefur í gær orðið að þiggja fátækrastyrk að upphæð 50 krónur. Samkvæmt meðfylgjandi æfiferils-skýrslu hans, mun hann vera sveit-lægur í Skeiðahreppi í Árnessýslu, og er það því tilmæli mín, að yður, herra sýslumaður, vildi þóknast að útvega mjer viðurkenningu þess hrepps fyrir sveitfesti hans, og um leið innheimta 2/3 hluta af hinum veitta styrk.-

Skýrsla um aðgjörð þá, er gjörð hefur verið hjá Þorsteini áður en styrkurinn var veittur, sendist einnig hjer með.-

Til
sýslumannsins í Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
14. desbr. 89.

322

Með skírskotun til brjefs míns dags. 6. marz þ. á., það er ræðir um sveit Þorkels Guðmundssonar, hefur nefndur Þorkell eigi getað endurgoldið þær 30 krónur, er brjefið ræðir um. Þann 11. þ. m. hefur honum aptur verið veittur 30 kr. styrkur úr fátækrasjóði; og er hjer með krafist endurgjalds á 2/3 hlutum af þeim 60 krónum er honum til samans hafa verið veittar.

Skýrsla um atsjón er gjörð var á heimili hans áður en styrkurinn þ. 11. þ. m. var veittur, fylgir hjer með

Til
hreppsnefndar Ytri-Akranesshrepps

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
14. desbr. 09.

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 20 - tuttugu krónur, aukaútsvar Valdemars Ottesen, sem sýslumaður Vestmannaeyjasýslu, hefur samkvæmt ósk minni innheimt hjá honum.
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
14. des. 09.

324

Með brjefi dags. 6. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 20 - tuttugu krónur, sem er aukaútsvar Valdemars Ottesen fyrv. kaupm. árið 1909, er þjer hafið innheimt samkvæmt ósk minni. -
Fyrir þessum 20 kr. kvittast hjer með. -

Til
sýslumannsins í Vestmanneyjasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. des. 09.

325

Með brjefi dags. 20. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, fyrir hönd Ölveshrepps sent mjer 94 krónur til lúkningar eptirstöðvum af framfærslukostnaði Eydísar Eyjólfsdóttur til 31. júlí þ. á.

Fyrir greiðslu þessari kvittast hjer með.

Til
sýslumannsins í Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. desbr. 09.

326

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 94 – níutíu og fjórar krónur, sem er endurgjald frá Ölvesshreppi til lúkningar framfærslukostnaði Eydísar Eyjólfsdóttur til 31. júlí þ.á. –

Fyrir nefndum 94 krónum óskast kvittun. –

Til
Bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
15. des. 09.

327.

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 5 - fimm krónur, sem er endurgjald frá Guðbjörgu Brandsdóttur, Laugaveg 49 upp í legukostnað hennar. - Allur legukostnaðurinn var 24 kr. og hefur nefnd Guðbjörg borgað upp í hann kr. 15.00.
Kvittun óskast fyrir þessum 5 kr.

Til
Bæjargjaldkerans. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. 09.

726

Fátækrasjóður Reykjavíkur hefur þ. 9. þ. m. orðið að leggja út til bráðabyrgða meðlag með barni Magnúsar L. Jónssonar, Nesi í Norðfirði fyrir árið frá 11. júní 1908 til jafnlengdar 1909 að upphæð 40 krónur, Katrínu Jósephínu að nafni. – Meðlag þetta bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta og senda mjer við fyrsta tækifæri. –
Úrskurðurinn fylgir hjer með en óskast endursendur með meðlaginu.

Til
sýslumannsins í Suður-Múlasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. dec. 09. -

329

Hjermeð sendi jeg yður, herra gjaldkeri, 40- fjörutíu krónur, sem endurgjald frá Magnúsi Þ. Jónssyni á barnsmeðlagi er útborgað var úr fátækrasjóði þ. 23. marz þ. á., fyrir árið 1907 – 1908. -
Kvittun óskast. -

Til
Bæjargjaldkerans. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. 09.

330

Með brjefi dags. 13. f.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent 40 - fjörutíu krónur, sem er barnsmeðlag fyrir árið 1907-1908 með barni Magnúsar L. Jónssonar á Nesi í Norðfirði og Kristínar Einarsdóttur, Katrínu Jósephínu að nafni.

Fyrir greiðslu þessari kvittast hjermeð.

Til
sýslumannsins í Suður-Múlasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. desbr. 09.

331

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 50 - fimmtíu krónur, sem er endurgjald frá Reykhóla hreppi upp í legukostnað Þóreyar Guðmundsdóttur sem á vitfirring var í vitfátækraspítali þ. 8. okt. þ. á.
Kvittun óskast.

Til
bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. 09. –

332

Með brjefi dags. 20. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 50 – fimmtíu krónur uppí legukostnað Þóreyjar Guðmundsdóttur, sem sveitlæg er í Reykhólahreppi.

Fyrir nefndum 50 kr. kvittast hjer með. –

Til
sýslumannsins í Barðastrandarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17 des. 09.

334

Á fundi í gær samþykkti bæjarstjórnin brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum:
Þorbergs við Þingholtsstræti kr. 25.226
Björns Jónssonar Skólavörðustíg 26 8.235.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður herra brunamálastjóri hjermeð.-

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
17 des. '09.

334

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með brunabótavirðingar á tveimur húseignum, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi í gær.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. 09.

335

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður leyft að byggja bráðabyrgðaskúr 2 x 2 álnir við hús yðar á Grettisgötu nr. 24, með því skilyrði að hann verði rifinn niður þegar byggingarnefndin krefst þess.

Herra
Guðjón Jónsson, málari
Grettisg. 24

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. 09.

336

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður leyft að byggja pen-ingshús á lóð yðar við Laugaveg 69, 10×6 al. að stærð með eldvarnar-veggjum á tvær hliðar, samkv. umsókn yðar dags. 2. þ.m. og upp-drætti þeim, er hjer sendust bygg-ingarnefndinni.–

Herra
Jón Jóhannsson, Laugaveg 69.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. '09 337

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi í gær, leyft yður að byggja salerni 3¼ x 1¾ alin á baklóð yðar við Lingötu 50.

Herra
Ingim. Ögmundsson Lingötu 50

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. 09.

338

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær leyft yður, herra söðlasmiður, að breyta gluggum á framhlið húss yðar á Laugavegi 63, samkv. uppdrætti þeim, er fylgdi beiðni yðar dags. 27. f. m.

Herra
söðlasmiður Samúel Ólafsson,
Laugav. 63.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. desbr. 09. -

339

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður, herra skólastjóri, leyft að byggja hanghús og fjós á erfðafestulandi yðar í Kringlumýrinni. Fjósið á að vera 12° x 15° og hanghúsið 6° x 7°, samkv. uppdrætti þeim, er þjer senduð byggingarnefndinni ásamt beiðni yðar. -
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, hjer með. -

Herra
skólastjóri Páll Halldórsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. °09.

340

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður leyft að byggja geymsluskúr 3°×10° á lóð yðar við Grettisgötu, samkv. uppdrætti þeim, er fylgdi beiðni yðar dags. 10 þ. m.

Herra
reglubróðir Sigmundur Eiríksson
Grettisgötu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. desbr. 09.

341

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær, var tekin til meðferðar beiðni yðar um að fá viðbót við erfðafestuland yðar svonefndan Hólsblett í austur og suður frá honum, en þannig að hann nái suður að Kaplaskjólsvegi, og samþykkti bæjarstjórnin að yður yrði veitt land allt að 1 hektar í austur frá Hólsbletti, en tyrfjað um land fyrir sunnan blettinn að Kaplaskjólsveginum. Ræktunartími landsins sje 4 ár að meðtöldu girðingarárinu, og verður landið yður síðar útmælt af bæjarverkfræðingnum.

Herra
Jóhannes Magnússon, Bræðrab.st. 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. dec. 09.

342.

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var lögð fram beiðni yðar og Þorláks Halldórssonar um að fá á erfðafestu allt að 5 dagsl. sunnanvert við svonefndan Árablett og vestanvert við land Árna pósts; bæjarstjórnin veitti ykkur land þetta á erfðafestu með venjulegum kjörum og sje ræktunartíminn 5 ár að girðingarárinu meðtöldu, og mun bæjarverkfræðingurinn síðan mæla landið út.

Herra
Sigmund Þorkelsson og Þorlákur Halldórsson, Steinsmiðir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17th December 1909.

Messrs J. A. Lumby & Dowell
Lumby House
34, St. James's Street
London S. W.

Dear Sirs

In reply to your letter of October 11th last I beg to inform you that the Town Council of Reykjavik is desirous of confiding to you the letting of the Ellidaá river for 1910 season. The Corporation would fell obliged to you if you would cause the particulars of this river to be included in your annual sporting list. As this river is most likely one of the best Salmon river in the world, the Corporation of this town cherished the hope of being able to obtain a higher rent for the forthcoming season than was obtained during the preceding years or £450-500. The Town Council desires you to do your very best for getting the above mentioned amount for this river for the 1910 season, but should this prove impossible for you, you are allowed to let the river for £400 for the next season but my Corpora[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stances accept a lower rent.

The duration of the fishing season is three months, i.e. from ~~the~~ June 1st to August 31st. The particulars of the past 3 seasons catches of fish are as follows:

In 1907 1012 Salmons (2 rods)
" " 1908 912 Salmons (2 rods)
" " 1909 1121 Salmons (2 & 3 rods)

In 1908 the river was fished during a part of the season only. The river will be let on the same terms and conditions as allowed to Mr. Lister. I enclose herewith a copy of the Agreement entered into with Mr. Lister.

In the anticipation of your early reply

I am yours faithfully

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

387

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. '09.

344

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var rædd beiðni yðar um að fá viðbót við erfðafestuland yðar norðanvert við Hafnarfjarðarveginn. Bæjarstjórnin tjáði yður að svo komnu um viðbót þessa, af því hið umbeðna svæði liggur þar sem vegur væntanlega verður lagður en enn þá ekki er búið að ákveða.

Herra
Lárus Pálsson, Spítalastíg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans Reykjavíkur
18. desbr. 09. -

345

Á fundi bæjarstjórnarinnar þ. 16. þ.m. var lögð fram beiðni yðar, herra trjesmiður, og Helga Jónssonar um að fá viðbót við þá ca. 2.5 hektara, er yður hafa verið látnir á erfðafestu í Kringlumýrinni. Bæjarstjórnin synjaði yður um land þetta, því það er nú þegar úthlutað öðrum. -

Herra
trjesmiður Pjetur Ingimundarson
og steinsmiður Helgi Jónsson.

388

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. 09. — 346

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var lögð fram beiðni yðar um það fá land til ræktunar milli túns yðar og ekkju Lárusar Halldórssonar ca. 400□. Bæjarstjórnin synjar yður <u>að svo komnu</u> um land þetta á erfðafestu, en bendir á, að ef blettur þessi verði leigður, ætti að leigja hann sem kálgarðsblett með uppsagnarfresti.

Herra
Þorsteinn Einarsson, Abungerði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. '09.

347

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var tekin til meðferðar beiðni yðar, herra kaupmaður, um að fá á erfðafestu c. 14 dagsláttur í Kringlumýrinni við austur-takmörk hennar sunnanvert við vatnsveituveginn. – Bæjarstjórnin synjaði yður að svo komnu um land þetta af því hjer er að ræða um besta mó-land bæjarins, sem ekki er tekin ákvörðun um hvernig nota skuli. –

Þetta leyfi jeg mjer að til-kynna yður hjer með. –

Herra
kaupmaður Sveinn Sigfússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. '04. -

348

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjarverkfræðingur, erindi Ólafs Jónssonar, Hverfisg. 18 um að fá viðbót við erfðafestuland hans við laugarnar, er vísað var til yðar. -

Til
bæjarverkfræðingsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. 09.

349

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var rædd beiðni yðar um að fá viðbót við erfðafestuland yðar nr. 8 í Norðurmýrinni. Bæjarstjórnin synjaði yður um land þetta, af því í hið umbeðna landsvæði liggur þar sem vegur væntanlega verður lagður en ennþá ekki er búið að ákveða.–
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.–

Til
Guðmundar Guðmundssonar.
Kárastíg 5

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 18. dec. 09.

350

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst at senda hinu háa stjórnarráði hjer með vottorð um að Benedikt Benediktsson, sjómaður, Adelgade 64 B[3] í Kaupmannahöfn hafi ekki þegið sveitarstyrk í bænum. -

N. Páll ,, [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. des. '09 351

Þann 16. þ.m. sagði sig hjer til
sveitar konan Guðrún Sigríður
Kristjánsdóttir gipt Jóni Sigurði
Sigurðssyni á Norðfirði. Jón þessi
er, samkv. meðfylgjandi æfiferils-
skýrslu sveitlægur í Bessastaða-
hreppi og bið jeg yður, herra
sýslumaður að útvega mjer hið
allra fyrsta viðurkenningu hrepps-
nefndar þess hrepps fyrir sveitfesti
Jóns Sigurðar Sigurðssonar.
Kona hans var hjer til lækninga
hjá Birni sálnum Ólafssyni augn-
lækni og bíður þess að annar augn-
læknir komi í hans stað. Hún er
á fótum og frísk að öðru leyti, en
verður samt nú að gefa með sjer
1 krónu á dag, ódýrari verustaður
hefur ekki fengist fyrir hana. Er
því knýjandi nauðsyn að hrepps-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefnd Bessastaðahrepps láti flytja
konu þessa sem fyrst til sín, þar
eð miklu dýrara verður fyrir
hreppinn að hún sje hjer í bæn-
um.–

Til
sýslumannsins í Gullbr- og Kjósarsýslu.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. des. 09.

352

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjermeð ávísun að upphæð kr. 2212.74 til endurgjalds 20% af andvirði erfðafestulands, hluta af Elíasargrasbletti, er Sveinn smiður Jónsson hefur selt bænum undir gasstöð.—
Upphæð þessa ber að færa bænum til tekna undir 12. tekjulið áætlunarinnar.—

Til
bæjargjaldkerans.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. desember 09. 354

Jeg hefi í dag meðtekið kr. 25.00 – tuttugu og fimm krónur – til endurgjalds barnsmeðlagi er f. 10. sept. s.l. var útborgað úr fátækrasjóði Reykjavíkur, með barni Magnúsar Dalhoffssonar og Guðrúnar Steinsdóttur, áfallið 30. júní þ.á., sem hjer með kvittast fyrir. –

Til
sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadals.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20. des. 09

355

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 25 - tuttugu og fimm krónur -, sem er endurgjald frá Neshreppi-ytri á meðlagi með barni Magnúsar Dalhoffsonar, er þann 10. sept. s. l. var útborgað úr fátækrasjóði -
Kvittun óskast. -

Til
bæjargjaldkerans. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20.des.1909 357

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi ákveðið að gefa etir skólagjald fyrir árið 1908-1909 þessum þremur mönnum:

Gisla Einarssyni, Klapparstig 19 fyrir Halldór son hans

Jóni Halldórssyni, Vitastig 11 fyrir eitt barn og

Pjetri Ørnólfssyni fyrir Emiliu dóttur hans.

Þetta tilkynnist yður, herra gjaldkeri, hjer með og ber að strika börn þessara manna út af skránni yfir börn þau, er greiða áttu skólagjald síðastliðið skólaár.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skólanefnd Reykjavikur
20.des.1909

Út af umsókn yðar um það að dóttir yðar Ólafia Þorláksdóttir megi vera undanþegin því að ganga á barnaskólann þetta ár,eruð þjer hjer með kvaddur til viðtals við mig á skrifstofu minni hið fyrsta.-

Til
Arndisar Rögnvaldsdóttur,Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20.des.1909 358

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi hafnað því að nota forkaupsrjett sinn að býlinu Eskihlíð við Hafnarfjarðarveg,er þjer hafið selt Ingimundi Guðmundssyni.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

Grímur Jóhannsson,Eskihlið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20.des.1909

359

Bæjarstjórnin hefur á siðasta fundi ákveðið að gefa eptir skólagjald Halldórs sonar yðar fyrir árið 1908-1909.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

Gisli Einarsson, Klapparstig 19

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.des.1909

360

Á síðasta bæjarstjórnarfundi vísaði bæjarstjórnin til msagnar niðurjöfnunarnefndarinnar tveim erindum um niðurfærslu aukaútsvara frá þeim Teiti Stefánssyni, Frakkastíg 14 og Guðmundi Guðmundssyni, Laugaveg 115. Erindi þessu sendi þeg niðurjöfnunarnefndinni hjer með og bið hana um að láta uppi umsögn sína um þau fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

20.des.1909 

Á síðasta fundi tók bæjarstjórnin fyrir erindi yðar, herra kaupmaður, dags. 16. marz. þ. á., þar sem þjer fyrir hönd umsjónarmanna Hotel Íslands farið þess á leit, að fá greidd-ar 500 krónur úr bæjarsjóði fyrir aðstoð er hotellið hafi látið í tje við móttöku konungs og dönsku ríkisdagsmannanna sumarið 1907. Samþykkti bæjarstjórnin, að greiða stjórnarnefnd hotelsins fyrir þetta 250 krónur, með því skilyrði, að þar með falli niður allar frekari kröfur af hálfu stjórnarnefndar hotelsins.

Þetta tilkynnist yður hjer með að því viðbættu að upphæðin verður ávísuð yður úr bæjarsjóði, þegar þjer óskið þess og skilyrðinu verður fullnægt.-

Herra

kaupmaður Jón Þórðarson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20.des.1909

362

~~356~~

Með brjefi dags.9.f.m. hafið þjer,herra járnsmiður, ásamt þeim Árna Jónssyni og Gisla Guðmundssyni farið þess á leit fyrir hönd hins nýstofnaða Lúðrafjelags hjer i bænum,að fjelaginu verði endurgoldnar kr.333.33 af andvirði horna bæjarins,en upphæð þessi á að hafa verið greidd til lúkningar nokkrum hluta af andvirði lúðranna af tombólu er hið fyrra lúðrafjelag Reykjavikur hjelt i þeim tilgangi að fá fje til að borga með hornin.

Bæjarstjórnin tók þetta erindi yðar fyrir á siðasta og ákvað að synja um útborgun þá er þjer hafið farið fram á þar sem bæjarstjórnin leit svo á að hið nýstofnaða lúðrafjelag hefði engan rjett til að krefjast fjárhæðar þessarar úr bæjarsjóði.-

Þetta eruð þjer beðinn að tilkynna Lúðrafjelaginu.-

Herra

járnsmiður Eirikur Hjaltested.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur